

Athugasemdir frá Blue Lagoon Ltd. sem bárust með tölvupósti 25. maí 2013

Samkvæmt drögum að skýrslu um vatnssvæði Íslands þá stendur í töflu á bls. 49 - "Álagsgreining á vatnssvæði vegna punktlosunar í viðtaka..." er sagt að losun í viðtaka sé yfir 67.000 persónueiningar á ári. Við áttum okkur ekki á hvernig þessi tala er fengin en meðfylgjandi er minnisblað sem var gert fyrir okkur í vor þegar við vorum að skoða þessi mál með HeS. Við viljum gjarnan fá útskýringu á þessari tölu ykkar og það sé skoðað hvort hún sé ekki allt of há.

Einnig viljum við fá útskýringu á því hvers vegna þið segið í skýrslunni að hreinsun sé óviðunandi í töflu á bls. 49. Er hægt að fullyrða það? Þarna er ein stærsta rotþró landsins og allt var gert samkvæmt þeim skilyrðum sem sett voru. Við vitum því ekki annað en við séum að gera allt samkvæmt bókinni og nauðsynlegt að sýna fram á að hreinsun sé óviðunandi áður en það sé sett fram í skýrslu. Við höfum ekki séð nein slík gögn frá Hes eða öðrum en að sjálfsögðu viljum við að þessi mál séu í lagi. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur.

Það má vera að það þurfi að bæta úr hreinsun vegna aukna krafna í dag og það þarf að skoða með faglegum hætti en við viljum ekki að einhverjar fullyrðingar séu settar í skýrslu nema þær sé svo sannarlega réttar. Það getur skipt máli fyrir okkar ímynd og þið skiljið það örugglega.

Kær kveðja,
Hartmann



Minnisblað um hreinsun frárennslis.pdf



Hartmann Káráson
Director of Facilities
Blue Lagoon Ltd.
240 Grindavík
Tel (+354) 420 8810
Mobile (+354) 660 8810
hartmann@bluelagoon.is
www.bluelagoon.com